

**34. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 5. des. 1995,
í fundarstofu SASS kl. 10.00.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Staða Auðsholts- og Hvalsbrúnamála.

Lagðar fram greinargerðir Talnakönnunar og Verkfræðistofu Suðurlands. Einnig samrit af bréfi Skipulags ríkisins til Ölfushrepps. Beðið hefur verið um yfirmat í Hvalsbrúnamáli og greinargerðir lögmanna verða lagðar fram á morgun 6. des. í máli Auðsholts. Greinargerð Jóns Ólafssonar hrl. barst meðan á fundi stóð.

2. Tilboð Merkúrs hf. um sorptroðara, dags. 28. nóv. 1995.

Samþykkt að senda fulltrúa Sorpstöðvarinnar ásamt Páli Bjarnasyni, frá Verkfræðistofu Suðurlands, til Þýskalands vegna tilboðsins og einnig til að kynna sér rekstur sorpurðunarsvæða.

3. Erindi frá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, dags. 28. nóv. 1995, þar sem leitað er eftir möguleikum á urðun á sorpi hjá Sorpstöð Suðurlands.

Ekki er tekin afstaða til erindisins að sinni.

4. Staða framkvæmda í Kirkjuferjuháleigu.

Lagningu hitaveitu er að ljúka, bílavog er tilbúin til notkunar og framkvæmdir við þriðju urðunarrein eru nýhafnar.

5. Mál sem frestað var á síðasta fundi.

- a) Tillaga Guðmundar Hermannssonar.
- b) Ósk Gámaþjónustunnar um samstarfssamning.

Málunum frestað á nýjan leik.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að semja greinargerð sem lögð verður fram á næsta fundi.

6. Fjárhagsáætlun 1996.

Fyrstu drög lögð fram.

7. Önnur Mál.

Karl Björnsson greindi frá fundi sem hann sat, í Vík í Mýrdal, 2. des. sl. um sorpförgunarmál.

Næsti fundur ákveðinn 12. des. kl. 10.00.

Fundi slitið kl. 12.000.

Karl Björnsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Guðmundur Hermannsson.

Þorvarður Hjaltason.